


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	<b>Sálfræði 333 (SÁL333)</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2011</b>	

<b>Kennari</b>	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	<b>Sk.st</b>	RGU
----------------	-----------------------------	--------------	-----

### Áfangalýsing og markmið

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur þekki til hugmynda um réttindi fatlaðra, lagalega og siðferðislega og skilji afstæði hugtaksins fötlun. Fjallað verður um þær sérstöku aðstæður sem fjölskyldur mikið fatlaðra og langveikra barna búa við, viðbrögð við því að eignast fatlað barn, áhrif þess á fjölskyldulífið og fleira sem því tengist. Farið verður í hve fjölbreyttur sá hópur er sem telst vera með fötlun eða þroskafrávik og jafnframt er gefin yfirsýn yfir hinar ýmsu fatlanir og þroskafrávik, hvernig þau eru greind auk helstu tjáskiptaleiða. Ýmis hagsmunasamtök og þjónustustofnanir verða kynntar.

### Námsgögn

Kennari kynnrir ýmsar bækur, fagtímarit og efni af neti, sýnd verða myndbönd og efni úr sjónvarpi. Námsfni ljósritað af kennara og selt á skrifstofu jafnóðum.

### Áætlun um yfirferð

Í fyrstu lotu verður farið í hugtakavinnu og þróun í sögulegu ljósi og það að eignast barn með fötlun. Helstu skilgreiningar og orsakir verða kynntar, lög og reglugerðir, ýmis hagsmunasamtök og þjónustustofnanir.

Í annarri lotu verður farið í hugmyndafræði í starfi með fólki með fötlun, ýmsar fatlanir og tjáskiptaleiðir.

Í þriðju lotu verða bækur og vefsíður sem tengjast málefnum kynntar og ýmis umræðuefni reifuð í tengslum við það.

Nemendur dýpka sig í ákveðnum efnisatriðum, á veraldarvef, í bókum, í tímaritum o.fl.

### Námsmat og vægi námsþátta

Málþing	Efni valið af nemanda í samvinnu við kennara og flutt á málþingi.	30%
Tímaverkefni	Ýmis verkefni unnin í tengslum við ákveðin viðfangsefni s.s. komu gestakennara, niðurstöður umræðuhópa ofl.	30%
Ritgerð	Unnin úr völdu efni í samráði við kennara.	20%
Frammistaða og mæting	Virkni í tímum, undirbúningur, skil á verkefnum og mæting.	10%
Viðtalsverkefni	Viðtal tekið við ákv. einstakling í samráð við kennara	10%

**Gert með fyrirvara um breytingar.**

### **Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils